

## Lög Landssamtaka skógariegenda „Skúffufélag“

### 1. gr. Almenn

Félagið heitir Landssamtök skógariegenda, skammstafað LSE. **Félagð lítur alfarið að stjórn stjórnar Búgreinafélags skógarbænda BÍ og deilir heimili og varnarþingi deildarinnar.**

Merki (logo) félagsins er þrír grænir fletir á hvítum grunni, sem merkir samfellu skóga. Nafn samtaka er undir í svörtu letri. Litirnir í merkinu eru pantone 343,356,368.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur LSE er að sameina þá sem stunda skógrækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra innan Bændasamtaka Íslands með beinni félagsaðild að Bændasamtökum Íslands í gegnum Búgreinaeild skógarbænda.

### 3. gr. Eignarhald / félagsaðild

Félagið er samtök fimm landshlutafélaga skógarbænda: Félag skógarbænda/eigenda á - Austurlandi, - Norðurlandi, - Suðurlandi, - Vesturlandi og - Vestfjörðum. Félagsmenn skógarbændafélaganna frá síðasta uppgefna félagatali (eða frá síðustu áramótum) eru eigendur og aðilar í LSE. Óski félagsmaður í skógarbændafélagi eftir úrsögn úr LSE skal það afgreitt samstundis og fært til bókar á næsta aðalfundi viðkomandi skógarbændafélags.

### 4. gr. Skuldbindingar

LSE ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum, en hvorki aðildarfélögin né einstakir félagsmenn.

### 5. gr. Trúnaðarstörf

Til að gegna trúnaðarstarfi hjá LSE þarf viðkomandi annars vegar að vera félagsmaður í skógarbændafélagi og hins vegar að vera félagsmaður í Búgreinaeild skógarbænda BÍ á félagatali BÍ frá síðustu áramótum.

### 5. gr. Trúnaðarstörf

LSE ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með eignum sínum, en hvorki skógarbændafélögin né einstakir félagsmenn.

### 6. gr Aðalfundur

#### 6.1

Aðalfundur skal halda árlega í tengslum við Búgreinaþing skógarbænda og hefur hann æðsta vald í öllum málefnum LSE.

#### 6.2

Aðalfundur sitja með fullum réttindum fulltrúar skógarbændafélaganna kosnir á aðalfundum þeirra í leynilegri kosningu.

#### 6.3

Fjöldi fulltrúa frá hverju félagi skal miðast við fjölda félagsmanna sem hafa greitt félagsgjald til **viðkomandi skógarbændafélags**. Skal einn fulltrúi kosinn á aðalfund fyrir hverja byrjaða 35 félagsmenn. Komi upp ágreiningur um fjölda félagsmanna sem telja til fulltrúakjörs hjá hverju aðildarfélagi skal stjórn LSE úrskurða um málið.

#### 6.4

Stjórnarmenn og skoðunarmenn ásamt varamönnum þeirra hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi ásamt búnaðarþingsfulltrúum Búgreinaeildar skógarbænda. Aðalfundurinn er opin til áheyrnar öllum félagsmönnum skógarbændafélaganna. Óski fleiri aðilar en hér er getið um, eftir að sitja aðalfund með málfrelsi og tillögurétt skal það borið undir fundinn.

#### 6.5

Á dagskrá skal vera:

- a. Skýrsla stjórnar.

- b. Afgreiðsla reikninga fyrir næst liðið almanaksár, fullnægjandi félagaskrá aðildarfélaga skal ávallt fylgja endurskoðuðum ársreikningi samþykktum á aðalfundi.
- c. Tillögur og erindi til umræðu og afgreiðslu.
- d. Skipan stjórnar skv. grein 8 í samþykktum þessum
- e. Fjárhagsáætlun til næsta árs.
- f. Önnur mál.

#### 6.6

Aðalfund skal boða með 10 daga fyrirvara til stjórna skógarbændafélaga. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

#### 7. gr Aukafundur

Aukafund skal halda þyki stjórn Búgreinafélags skógarbænda sérstök nauðsyn bera til og jafnan þegar aðildarfélög, eitt eða fleiri, með samtals a.m.k ¼ félagatölu LSE óska þess, enda sé þá fundarefni tilgreint. Aukafund skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Um rétt til fundarsetu á aukafundum gilda sömu reglur og á aðalfundi.

#### 8. gr Stjórn LSE

8.1. Búgreinaþing skógarbænda Bændasamtaka Íslands skipar LSE stjórn, sem jafnframt starfar sem stjórn Búgreinadeildar skógarbænda innan BÍ.

#### 9. gr Hlutverk stjórnar LSE

9.1. Hlutverk stjórnar er að vinna að framgangi félagsmanna innan Bændasamtaka Íslands í gegnum búgreinadeild samtakanna, annast málefni félagsins milli félagsfunda og sjá um að þau séu jafnan í sem bestu horfi.

9.2 Undirskriftir þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

#### 10. gr Starf stjórnar LSE

10.1. Formaður boðar til stjórnarfunda þegar ástæða þykir til og stjórnar þeim. Þó er honum skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn óska þess, enda sé þá fundarefnið tilgreint. Stjórnarfundur er lögmætur sé meirihluti stjórnar á fundi.

#### 10.2

Stjórn búgreinafélags skógarbænda skal skrá fundargerðir á fundum sínum. Fundargerðir skulu birtar á vefsvæði LSE svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en að loknum næsta stjórnarfundi. Stjórnarmenn skulu staðfesta afrit af fundargerðinni með undirskrift sinni og skal stjórn sjá til þess að þau afrit séu varðveitt með tryggilegum hætti.

#### 11. gr samþykkt laga þessa

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er til þess sérstaklega. Tillögur þar um skulu kynntar stjórnnum aðildarfélaganna eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund. Ná þær því aðeins fram að ganga að meirihluti kjörinna fulltrúa greiði þeim atkvæði.

#### 12. gr. Aflagning LSE

Leggist starfsemi LSE niður og félaginu er slitnið skulu eigur þess ganga til aðildarfélaganna, sbr. 3. grein, í hlutfalli við fjölda félagsmanna þeirra.

#### 13.gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá og með aukaáðalfundi/aðalfundi þann \_\_\_1.\_apríl \_\_2022.

## Reglugerð um heiðursviðurkenningar LSE

### 1. grein

Stjórn LSE getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við háttíðlega athöfn afhent skrautritað heiðursfélagaskjal LSE áritað af stjórn, sem er æðsta viðurkenning samtakanna. Heiðursfélaga skal aðeins tilnefna þá sem hafa unnið áralangt heillarikt starf fyrir skógareigendur og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir landssamtökin. Þessa sæmd má einnig sýna merkur brautryðjendum skógareigenda. Tilnefndur heiðursfélagi skal hafa hlotið gullmerki LSE.

### 2. grein

Gullmerki LSE er næstæðsta sæmdarviðurkenning LSE. Viðtakandi verður að hafa unnið í mörg ár árangursríkt starf fyrir skógareigendur t.d. verið a.m.k. 6 ár í stjórn LSE eða einstaklingi sem starfað hefur a.m.k. í aldarfjórðung til heilla fyrir skógareigendur. Veita skal þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri t.d. afmæli einstaklings eða skógarbændafélags, Stjórn LSE veitir gullmerki LSE.

### 3. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar hún hefur verið samþykkt á ársfundi LSE.

*1. 3. grein Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota enda séu þeir aðilar að þeim félögum og félagasamtökum sem talin eru í 2. grein. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra.*

*Bændum, sem hætt hafa búskap vegna aldurs eða heilsuþrestra, skal heimil áframhaldandi þátttaka í viðkomandi félagi með fullum félagsréttindum, hafi þeir áfram búsetu á hlutaðeigandi félagssvæði. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.*

[2] Stofnfundur LSE var haldinn 28. júní 1997 á Hallormsstað.

Lögum LSE var breytt á aðalfundi samtakanna 2008, 2013, 2014 og 2022